

Mosfellsbær 26. júní 2018

Viðtakandi: bæjarstjórn og bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Bréf stjórnar Foreldrafélags Varmárskóla frá 14.maí, 15.júní og 20. júní 2018

Ágætu bæjarfulltrúar

Með velferð nemenda og starfsmanna Varmárskóla að leiðarljósi vill stjórn foreldrafélagsins ítreka beiðni um heildarskoðun sérfræðinga á húsnæði skólans með tilliti til fram kominna rakaskemmda og hugsanlegrar myglu í kjölfarið, hið allra fyrsta. Samkvæmt „innliti“ Verkfræðistofunnar Eflu frá 12. júní 2017 og greitt var fyrir eru rakaskemmdir bæði í húsnæði yngri og eldri deildar Varmárskóla.

Eins og áður hefur komið fram sprakk rör undir gólfi eldri deildar skólans sem olli leka. Samkvæmt fulltrúum bæjarins verður brugðist við með því að þurrka upp svæðið í sumar og skipta um dúk á afmörkuðu svæði, pússa útfellingar á veggjum og mála. Stjórn foreldrafélagsins gerir athugasemdir við það verklag og telur mikilvægt að fá fullvissu um ástand byggingaefna með aðstoð áðurnefndra sérfræðinga.

Eyða þarf óvissu um ástand húsnæðisins og ganga vasklega til verks. Við treystum kjörnum bæjarfulltrúum Mosfellsbæjar til að taka skýra jákvæða afstöðu til málsins og væntir Foreldrafélag Varmárskóla svara eigi síðar en 3. júlí 2018.

Virðingarfyllt,

Stjórn Foreldrafélags Varmárskóla